

Kröfulýsing

Námsupplýsingakerfi sem styður við innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla

Inngangur

Í Hvítbók um umbætur í menntun sem menntamálaráðherra gaf út haustið 2014 er skapaður grundvöllur til umræðu og aðgerða til úrbóta í menntamálum á Íslandi. Þar er einnig rætt um þátt ytra mats á gæðum skólastarfs og námsmats við að fylgja eftir umbótum í menntakerfinu hér á landi.

Frá því að greinasvið aðalnámskrár grunnskóla var gefið út vorið 2013 hefur verið mikil umræða um framsetningu og innleiðingu á nýju námsmati. Fram hefur komið gagnrýni á að hæfnimiðað námsmat feli í sér hugarfarsbreytingu sem flókið sé að innleiða. Jafnframt hefur verið bent á að tölulegar upplýsingar vanti um grunnskólakerfið.

Mennta- og gmenningarmálaráðuneyti hefur því ákveðið að styrkja sveitarfélögin í landinu til að taka upp námsupplýsingakerfi er styður við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár í grunnskólum landsins og aðrar áherslur er fram koma í Hvítbók um umbætur í menntun.

Ráðuneytið hefur útbúið kröfulýsingu sem byggir á þarfagreiningu sem inniheldur þá virkni sem kerfið þarf að búa yfir, annars vegar til að auðvelda kennurum að vinna með hæfni- og matsviðmið námskrárinnar og hins vegar að bæta upplýsingagjöf um nám nemenda í grunnskóla.

Sveitarfélögum er boðinn styrkur fyrir þá skóla sem undir þau heyra og miðast upphæðin við fjölda nemenda í hverjum skóla. Á grundvelli kröfulýsingarinnar getur sveitarfélag/grunnskóli gert samning við hugbúnaðarhús um kerfislausnina og geta valið þá lausn sem hentar hverjum og einum.

Hér á eftir fer lýsing á kröfum fyrir tölvuaðgang að námsupplýsingakerfi fyrir grunnskóla.

Afurð

Aðgangur að kerfi sem hefur virkni sem lýst er í kröfulýsingu þessari og heldur utan um þau gögn sem hér eru tilgreind. Kerfið skal styðja kennara, skólastjórnendur og sveitarfélög við innleiðingu aðalnámskrá grunnskóla.

Virkni

Kerfið skal geta stutt áætlanagerð einstakra skóla og kennara, haldið utan um námsárangur nemenda og greiningu á framgangi í námi í samræmi við nánari lýsingu hér fyrir neðan.

a) Áætlanagerð skóla

Virkni kerfisins skal vera þannig að hægt sé að skipuleggja vinnu með hæfniviðmið í kennslu Jafnframt skulu þeir sem vinna með kerfið geta sett inn einkunnir og verkefni við hæfniviðmið og matsviðmið og skólastjórnanda gert kleyft að hafa yfirsýn hvernig er unnið með þessa þætti.

b) Áætlanagerð kennara

- Hæfniviðmið og matsviðmið gildandi aðalnámskrár skulu vera aðgengileg í kerfinu.

- Kennari skal geta brotið upp og/eða flokkað hæfniviðmið saman eða tengt við námsmarkmið og verkefni.
- Kennari skal geta útbúið kennsluáætlanir og tengt verkefni og námsefni við hæfniviðmið og matsviðmið aðalnámskrár.

c) Námsmat

Einkunnagjöf í kerfinu þarf að vera samkvæmt námsmatskerfi aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og með þeim breytingum sem ráðuneytið hefur lagt til síðan (A, B+, B, C+, C, D auk stjörnumerkinga).

Í kerfinu þarf jafnframt að vera hægt:

- að sjá hvaða hæfniviðmið nemandi hefur verið að vinna í (svokallað „pupil tracking“),
- að vinna með hæfniviðmið og matsviðmið í tengslum við námsmat,
- að skrá gögn sem styðja við og skýra einkunnagjöf.

Greining

Kerfið skal gera mögulegt að fá tölfræðilega yfirsýn yfir lokaeinkunnir þar sem ákveðin eru stig á bak við hverja einkunn.

Einkunnir skulu vera greinanlegar á einstakling, bekki og skóla.

Gögn

Öll gögn í kerfinu skulu vera í eigu skólanna.

Kerfið skal fela í sér að lágmarki matsviðmið og hæfniviðmið fyrir hverja námsgrein aðalnámskrá grunnskóla frá 2013.

Kerfið skal halda utan um gögn námsgreina sem styðja við vinnu og skipulag hæfniviðmiða og varðveita hvers konar námsmatsupplýsingar sem styðja við vinnu með matsviðmið og einkunnagjöf.

Kerfið skal tryggja rekjanleika allrar vinnu með hæfni- og matsviðmið og námsmat nemenda þannig að skólastjórnandi geti séð ákvarðanir og aðgerðir kennara sem tengjast gögnum um aðalnámskrá. Varðandi merkingu og túlkun gagna skal kerfið taka mið af skilgreiningum í aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 og með síðari breytingum.

Grunngögnin þarf að uppfæra reglubundið af hálfu hugbúnaðarhúss í takt við endurskoðun aðalnámskrár.

Notendur og aðgangur

Aðgangsréttindi notenda kerfisins skulu vera afmörkuð eftir kennurum, skólastjórnendum, nemendum og foreldrum. Aðgangur skal því afmarkast við þau gögn sem varða hvern og einn hóp.

Lögð er áhersla á að kerfið stuðli að samskiptum skóla og heimila þegar unnið er að markmiðasetningu nemanda.

Kerfið skal styðja eftirfarandi aðgang fyrir nemendur og foreldra:

- Að nemandi geti, með sínum aðgangi að kerfinu, tekið virkan þátt í mati á eigin hæfni.
- Að nemandi og foreldrar hafi aðgang að hæfni- og matsviðmiðum fyrir nemandann og sjái tengsl þeirra við verkefni og námsmarkmið.

Kerfið skal styðja miðlun gagna til notenda utan skólans, þar á meðal Námsmatstofnun/Menntamálastofnun, sveitarfélög auk mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Miðlun og samskipti kerfa

Kerfið skal geta miðlað gögnum um námsmat til Námsmatsstofnunar ekki sjaldnar einu sinni á ári miðað við nýtt námsmatskerfi.

Kerfið þarf því að getað uppfyllt kröfur sem Námsmatsstofnun gerir til slíkrar miðlunar.

a) Skýrslur og greining

Kerfið skal gera mögulegt að fá tölfræðilega yfirsýn á eftirfarandi þætti:

- Námsmat (stig á bak við einkunn) og hæfni nemenda bæði á einstaklings, bekkja og skólagrunni.

- Saga námsárangurs nemanda á mismunandi greinasviðum og mögulega valgreina:

Íslenska

Enska

Danska eða annað Norðurlandamál

Stærðfræði

Samfélagsgreinar

Náttúrugreinar

Skólaþróttir

Samfélagsgreinar

Upplýsinga- og tæknimennt

Listgreinar

Verkgreinar

b) Öryggi og vernd upplýsinga

Kerfið skal vera þannig útfært að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Öll vinnsla í kerfinu skal uppfylla lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili skal viðhafa stjórnun á öryggi persónuupplýsinga í samræmi við reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

c) Vinnsla og afköst

Námsupplýsingakerfið skal geta haldið utan um allt að 800 nemendur í grunnskóla.

Kappkosta skal að afköst í kerfinu séu viðunandi fyrir alla notendur kerfisins.

Dagtími er skilgreindur frá 8:00 til 16:00 á virkum dögum. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til uppítíma kerfisins:

- Kerfið skal vera að jafnaði aðgengilegt fyrir notendur 97% tímans yfir dagtíma í hverjum mánuði. Sem dæmi, þá jafngildir þetta því að samanlagt rof á þjónustu má ekki fara yfir 4 klst. og 48 mínútur í mánuðinum, miðað við mánuð með 20 virka daga.

- Á ársgrundvelli skal kerfið vera aðgengilegt fyrir notendur 99% tímans yfir dagtíma. (ath: m.v. 30 vikur, 40 klst. dagtíma per viku, þá jafngildir þetta samanlögðu þjónusturofi upp á 12 klst. yfir árið).

- Utan dagtíma skal kerfið vera að jafnaði aðgengilegt 98% tímans frá kl. 16:00 til 24:00 á ársgrundvelli.

- Lengsta samfellda rof á aðgangi á dagtíma má ekki vera lengra en 4 klst.

Fyrirbyggjandi viðhald og uppfærslur skal framkvæma utan dagtíma þannig að ekki verði rof á aðgengi að kerfinu af þeim orsökum. Fyrirbyggjandi viðhaldi og uppfærslum skal í öllum tilvikum ljúka samdægurs þannig að kerfið sé aðgengilegt notendum að morgni næsta dag.